

REGLUGERÐ

um loðnuveiðar færeyskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands á fiskveiðiárinu 2022/2023.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til loðnuveiða færeyskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, á tímabilinu frá og með 15. október 2022 til og með 30. apríl 2023. Óheimilt er að stunda veiðar með öðrum veiðarfærum en nót. Færeyskum skipum er þó heimilt að stunda loðnuveiðar með flotvörpu innan svæðis sem tilgreint er í 5. gr. Veiðarfæri, sem eru annarrar gerðar en leyfi miðast við, skulu geymd í sérstakri veiðarfærageymslu. Sé flottroll geymt á flottrollstromlu skal poki trollsins fjarlægður og geymdur sérstaklega í veiðarfærageymslu.

2. gr.

Aðeins þeim skipum sem fengið hafa sérstakt leyfi frá Fiskistofu er heimilt að stunda loðnuveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Um borð í veiðiskipi skal vera leyfi til loðnuveiða eða afrit af því.

Skip, sem óska eftir leyfi til loðnuveiða skulu sækja um það til Fiskistofu. Í umsókninni komi fram upplýsingar um nafn skips, skráningarnúmer, kallmerki, stærð í BT, burðargetu einnig upplýsingar um fjarskiptatæki og netfang.

Skipum sem leyfi hafa fengið til loðnuveiða er óheimilt að vera með þannig útbúnað að mögulegt sé að dæla úr tönkum skips undir yfirborði sjávar.

3. gr.

Færeyskum skipum er heimilt að veiða samtals 13.785 tonn af loðnu í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Færeysk skip sem stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands samkvæmt reglugerð þessari skulu hlíta ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Þau skulu einnig hlíta sömu reglum og eiga við um íslensk skip við sams konar veiðar, m.a. um veiðibann, friðunarsvæði og aðra lokun svæða.

4. gr.

Færeyskum skipum er heimilt að landa afla sínum í íslenskum höfnum og gilda um vigtun afla sömu reglur og gilda fyrir íslensk skip. Óheimilt er að umskipa afla í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Sé loðna kreist vegna hroгна um borð í skipi skal reikna magn afla sem samtölu af hrognum og afskurði.

Til og með 17. febrúar 2022 er færeyskum skipum heimilt að landa $\frac{3}{4}$ hlutum af kvóta sínum til manneldisvinnslu utan Íslands eða vinna aflann til manneldis um borð. Eftir 17. febrúar 2022 er að hámarki heimilt að landa 4.000 tonnum af kvótanum til manneldisvinnslu utan Íslands eða vinna til manneldis um borð.

Til og með 17. febrúar 2023 er færeyskum skipum heimilt að landa $\frac{2}{3}$ hlutum af kvóta sínum til manneldisvinnslu utan Íslands eða vinna aflann til manneldis um borð. Eftir 17. febrúar 2023 er að hámarki heimilt að landa $\frac{1}{3}$ af leyfilegum heildarafla til manneldisvinnslu utan Íslands eða vinna til manneldis um borð þó ekki undir 4.000 tonnum.

5. gr.

Færeyskum skipum er heimilt að stunda loðnuveiðar með flotvörpu innan svæðis sem afmarkast af línunum sem dregnar eru milli eftirfarandi punkta:

1. 67°11'N - 014°30'V
2. 68°00'N - 014°30'V
3. 68°00'N - 008°30'V
4. 65°15'N - 008°30'V
5. 65°15'N - 011°20'V
6. 66°05'N - 011°30'V
7. 66°15'N - 012°00'V
8. 66°12'N - 012°22'V

9. 66°40'N - 012°40'V
10. 66°47'N - 013°00'V
11. 66°52'N - 013°08'V
12. 67°11'N - 014°30'V

Verði aðgangur færeyskra skipa að fiskveiðilandhelgi Íslands takmarkaður, vegna nauðsynlegs skipulags á veiðum, er óheimilt að hefja veiðar í fiskveiðilandhelginni nema fyrir liggi staðfesting frá Landhelgisgæslu Íslands um að fjöldi skipa sé innan tilskilinna marka.

Ef fjöldi skipa er takmarkaður skv. 2. mgr. skulu ekki vera fleiri loðnuveiðiskip í fiskveiðilandhelgi Íslands hverju sinni en þau sem hafa hlotið staðfestingu frá Landhelgisgæslunni.

6. gr.

Skip sem leyfi hafa fengið til loðnuveiða, sbr. 2. gr., skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar um staðsetningu, stefnu og hraða með sjálfvirkum hætti á klukkustundar fresti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu og Fiskistofu.

7. gr.

Um siglingu skips, á leið til veiðisvæðis áður en veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands hefjast og á leið út úr fiskveiðilandhelgi Íslands, gilda ákvæði reglugerðar um eftirlitsstaði erlendra skipa vegna veiða og siglinga í íslenskri fiskveiðilögsögu nr. 1133/2013, þar sem fram kemur staðsetning athugunarstaðanna. Heimilt er Landhelgisgæslu Íslands að ákveða að skipin skuli sigla inn og út úr efnahagslögsögunni á tilteknum athugunarstöðum og að þeim beri að tilkynna komu sína á þá með ákveðnum fyrirvara í samræmi við reglugerð nr. 1133/2013, um eftirlitsstaði erlendra skipa vegna veiða og siglinga í íslenskri fiskveiðilögsögu. Tímastir tilkynninga koma fram í reglugerð um rafrænar skeytasendingar, upplýsingagjöf og rafræn afladagbókaskil erlendra fiskiskipa í efnahagslögsögu Íslands nr. 1170/2013.

8. gr.

Skipstjórum færeyskra loðnuskipa ber að auðvelda eins og unnt er eftirlit Landhelgisgæslu og Fiskistofu með veiðum, veiðarfærum og afla um borð í veiðiskipum. Telji eftirlitsaðilar að fullnægjandi eftirlit geti ekki farið fram á sjó er hlutaðeigandi skipstjórum skylt að hlíta fyrir mælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem athugun getur farið fram.

Fiskistofu er heimilt að setja eftirlitsmenn um borð í færeysk loðnuveiðiskip. Skal útgerð skipsins sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru um borð við eftirlit og enn fremur greiða allan kostnað af veru þeirra um borð í skipinu.

Sé loðna brædd um borð í skipi skal eftirlitsmaður Fiskistofu ávallt vera um borð og skal útgerð greiða allan kostnað vegna veru eftirlitsmanns um borð í skipi.

Starfsmenn Landhelgisgæslunnar og veiðieftirlits Fiskistofu skulu hafa aðgang að eftirtöldum gögnum sé þess óskað:

Afladagbók.

Skipsdagbók.

Mælibréfi.

Teikningum af skipi, þ.m.t. dælubúnaði.

Veiðileyfi frá Fiskistofu eða afriti af því.

Upplýsingum úr siglingatölvum og staðsetningartækjum skips.

Öðrum gögnum sem skipt geta máli við rannsókn meintra fiskveiðibrota.

Um borð í hverju skipi skulu vera teikningar af lestum þess þar sem fram kemur heildarrúmmál hverrar lestar. Þá skulu teikningar eða gögn sýna hvert rúmmál lestanna er miðað við 10 sentimetra millibil frá ákveðnum og merktum viðmiðunarstað.

9. gr.

Skipum ber að fylgja banni ráðuneytisins við veiðum vegna verndunarsjónarmiða og skyndilokunum Fiskistofu, sbr. 8.-11. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum.

10. gr.

Skip sem hafa veiðileyfi skv. reglugerð þessari skulu að öðru leyti fylgja ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum.

11. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Jafnframt getur Fiskistofa svipt skip leyfi til loðnuveiða innan fiskveiðilandhelginnar brjóti útgerð eða áhöfn skips eða aðrir sem í þágu útgerðar starfa gegn reglugerð þessari.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 16. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, 2. gr., 6. gr., 8. gr. og 30. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, 5. gr., 6. gr., 8. gr. og 14. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og 9. gr. laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Reglugerðin öðlast þegar gildi, nema ákvæði 3. mgr. 2. gr. sem öðlast gildi 1. janúar 2023. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 1162/2021 um loðnuveiðar færeyskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands á fiskveiðiárinu 2021/2022.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.